



94. Stjórnarfundur Fenúr

19. mars 2007

Mætt:

Guðmundur T. Ólafsson, Helga Jóhanna Bjarnadóttir, Ragna I. Halldórsdóttir, Elías Ólafsson og Pétur Bjarnason.

Staður og stund: Selfoss, kl.11:30

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð einróma samþykkt með athugasemdum. RIH fylgir eftir.

2. Aðalfundur 27. apríl 2007

- Staðsetning rædd, leggja áherslu á að vera í sal í Kópavogi, annars í Garðabæ, Seltjarnarnesi eða Álftanesi. RIH fylgir eftir.
- Fá aðila, forystumann, frá viðkomandi sveitarfélagi til að stýra aðalfundi.

3. Stjórnarkjör

- Helga Jóhanna Bjarnadóttir kosin í stjórn á aðalfundi 2006 til tveggja ára
- Pétur Bjarnason kosinn í stjórn á aðalfundi 2006 til tveggja ára
- Úlfar Haraldsson kosinn í stjórn á aðalfundi 2006 til tveggja ára
- Ragna I. Halldórsdóttir kosin í stjórn á aðalfundi 2005 til þriggja ára
- Varamenn kosnir til eins árs í senn

Stjórn samanstendur af þessum aðilum, ekkert sæti er laust innan stjórnar og aðeins kosið um formann í ár. Tilkynna um stöðuna með stjórnasetu, varamenn og stjórnarkjör formanns í aðalfundarfundarboði.

4. Starfsáætlun

- Hver fyrir sig skoða verkefni ársins í starfsáætlun og senda tillögur til Guðmundar.

5. Reikningar félagsins

- Ragna vinnur áfram fyrir næsta fund.
- Gunnar Bragason og Guðjón Guðmundsson skoðunarmenn.

6. Ráðstefna í lok aðalfundar, rætt. Þema „Úrgangsstjórnun til 2016.“

- Fyrirkomulag
 - Þrjú erindi þar sem mögulega er kynnt aðferðarfræði, brennsla, jarðgerð og metanvinnsla, falla undir þema. Í lok fundar ræddu Ragna, Helga Jóhanna og Guðmundur hvort hér mætti fá erindi

um þjónustustig við íbúa, hvernig náum við árangri, möguleika í flokkun o.þ.h.?

- Afstað sveitarfélaganna – Hver talar hér? Guðmundur fær upplýsingar um það. /ríkis- ráðherra. Elías ræðir við hana. /atvinnulífs, Elías kannar hvort Pétur ali fyrir hönd atvinnulífsins.
- Í lokin yrði þanill þar sem forystumenn þingflokka mynda segja sína skoðun, hvernig þeir sjá Úrgangsstjórnun næstu 10 árin. Hvað ber okkur að gera, hvernig ætlum við að ná þessu? Guðmundur Tryggvi sendir bréf til flokka.
- Finna þarf aðila til að stýra þanil. Vísað til næsta fundar.

7. Fenúr merki, notkun negatívu

- Menn almennt sátur um að nota megi negatívu en skilgreina þarf vel hvernig megi nota negatívu. RÍH biður Gyðu að setja upp skilgreiningu.

8. Atvinnulífið er komið af stað með verkefni um að setja skilaboð á pappír og áprentaðan pappír um að hægt sé að endurvinna þau. Fenúr fagnar þessu verkefni og mun hvetja til þess að Fenúr merkið sé notað í verkefninu. Elías mun ræða það við SA.

Næsti fundur er seinnipartinn í næstu viku.

Fundi slitið kl. 13:45. Fleira ekki tekið fyrir.

Fundarritari: Ragna I. Halldórsdóttir.